



Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflökks Íslands mánudaginn 11. nóvember 2019 í Hlutverkasetri, Borgartúni 1, kl. 19:00.

Mætt voru: Haukur Arnþórsson, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Gunnar Smári Egilsson, Viggó K. Jóhannsson og Sigrún E. Unnsteinsdóttir. Katrín Baldursdóttir, Rán Reynisdóttir og Jóhann Helgi Heiðdal voru með gegnum fjarfundabúnað.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1. Fundargerð síðasta fundar

Hefur ekki verið samþykkt.

2. Aðgerðir fyrir eftirlaunafólk og öryrkja (meistaradeildin)

Rætt var um fund meistaradeildar sem haldinn var til að ræða þessi mál, aðgerðir, undirskriftasöfnun og væntanlegan útifund.

3. Verkefni fram að aðventufundi

a. Málefnanefndir

Áframhaldandi umræður um málefnanefndirnar, hverjum ætti að koma á fót fyrst og mönnun þeirra.

b. Öryrkjaráð, verkalýðsráð, innflytjendaráð

Umræðum frestað.

c. Fjölgun félaga

Áhersla var lögð á innra starf flokksins.

4. Maístjarnan

Samþykkt var að Maístjarnan leggi til lágmarkskostnað við undirskriftasöfnun meistaradeildarinnar.

5. Fjármál

Staða á reikningum. Flokkurinn: 907.988 kr., Maístjarnan: 2.357.433 kr.

6. Önnur mál

Rætt var hvaða efni ætti að taka fyrir á næsta Sósíalistakaffi borgarstjórnarflokksins næstkomandi fimmtudag, t.d. útvistanir hjá Reykjavíkurborg.